



Reglur um ferðastyrki íþróttaráðs

Reglur um úthlutun ferðastyrkja íþróttaráðs.

1. Ferðastyrkir vegna æfinga- og/eða keppnisferða eru veittir til íþróttafélaga í Kópavogi vegna iðkenda þeirra. Íþróttafélög sem bjóða upp á íþróttagreinar sem ekki eru stundaðar í Kópavogi geta einnig sótt um styrk til íþróttaráðs vegna iðkenda sem **eiga lögheimili** í Kópavogi.
2. Umsókn um ferðastyrk fyrir iðkendur þarf að berast formlega frá íþróttafélagi, deild félags eða sérsambandi til íþróttafulltrúa. Styrkir eru ávallt greiddir að ferð lokinni gegn framvísun afrits af flugfarseðli/farseðlum.
3. Starfsmenn íþróttaráðs afgreiða ferðastyrki eftir því sem umsóknir berast að því gefnu að viðeigandi gögn fylgi umsókn. Því er hægt að senda inn umsóknir um ferðastyrki allan ársins hring.
4. Samkvæmt vinnureglum íþróttaráðs um ferðastyrki;
 - er styrkur kr. 5.000,- á iðkendur í æfinga- og keppnisferðir, óháð fjölda.
 - Hins vegar ef um er að ræða ferðir með landsliðsliðum eða ferð á Ólympíuleika og Smáþjóðaleika eða Heimsmeistara-, Evrópumeistara-, Norðurevrópumeistara,- og/eða Norðurlandameistaramót, er styrkur kr. 10.000,- á iðkenda, óháð fjölda.
 - Greiði sérsamband eða aðrir aðilar fyrir ferð viðkomandi fellur styrkur frá íþróttaráði niður.
 - Íþróttaráð getur endurskoðað styrkuppþæðir á hverju ári í tengslum við fjárhagsáætlun bæjarins.
5. Iðkandi getur fengið að hámarki greitt fyrir 3 ferðir á ári sé **ekki** um landsliðsferðir að ræða.
6. Ekki eru greiddir ferðastyrkir fyrir ferðir innanlands.